



Grunngildi menntunar og Grunnskólinn á Þórshöfn

Áfangaskýrsla til Sprotasjóðs vegna þróunarverkefnis veturinn 2013 - 2014

Markmið verkefnisins er að gera skólanámskrá sem endurspeglar samfélag og mannlíf á Langanesi og við Þistilfjörð en þar er eintsök náttúra, blómstrandi sjávarútvegur og stór fjárbú allt um kring. Saga hernámsins er hér hvergi langt undan auk þess sem rekaviðurinn og náttúruauðlindir eru hér víða og allt um kring. Markmiðið er að búa til skólanámskrá sem dregur dóm af umhverfi sínu.

Nafn skóla:

Grunnskólinn á Þórshöfn, 680 Þórshöfn

Nafn verkefnis:

Grunnskólinn á Þórshöfn og grunngildi menntunar

Nafn verkefnisstjóra:

Ingveldur Eiríksdóttir og Ingvar Sigurgeirsson



Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:

Ums 123 2013 - 2014

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Gerð skólanámskrár sem endurspeglar samfélag og mannlíf á Langanesi og við Þistilfjörð en þar er eintsök náttúra, blómstrandi sjávarútvegur og stór fjárbú allt um kring. Saga hernámsins er hér hvergi langt undan auk þess sem rekaviðurinn og náttúruauðlindir eru hér víða og allt um kring. Markmiðið er að búa til skólanámskrá sem dregur dóm af umhverfi sínu. Mikilvægi góðrar skólanámskrár er varla nokkurs staðar mikilvægara en hér þar sem menntunarstig kennara er lágt, mikill fjöldi leiðbeinendavið störf og mannaskipti ör. Það er því mikilvægt að allir gangi að stefnu og helstu verkefnum með opin augu, þekki þau og þekki vinnulag skólans.

Um verkefnið

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar er unnið að leiðarljósi, stefnu og sameiginlegri sýn starfsmanna Grunnskólans á Þórshöfn. Í upphafi var staðan tekin, helstu skref í breytingaferlinu skoðuð og skilgreind. Eftir að hafa rýnt í nemendakönnun Skólapúlsins og niðurstöður námsmats ýmis konar var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á *lýðræði og læsi*. Grunnur var lagður að nýrri skólanámskrá þar sem þessir tveir grunnþættir voru settir í forgrunn. Undir vor 2014 kom *sjálfbærni* meira inn í umræðuna og verkefni vorsins voru mörg hver tengd sjálfbærniþættinum.

Skólinn hefur verið í gagngerri endurskoðun á námsmati og ætlunin er að aðlagja það nýrri aðalnámskrá og nýta til þess það sem efst er á baugi í námsmatsmálum um þessar mundir. Grunnskólinn á Þórshöfn ætlar að aðlagja markmið og leiðir í Mentor að áherslum sínum og þróa sjálfbært námsmatskerfi sem kennarar geta strax gengið að þegar þeir hefja hér störf. Skólastefna Langanesbyggðar var gefin út haustið 2013 og var hún löggð til grundvallar vinnunnar.

Staða verkefnis

Bekkjarpésar hafa verið gerðir fyrir alla árganga skólans og þeir hafa verið settir á skólavefinn: thorshofn.wordpress.com, auk þess sem stefna, áherslur og helstu viðburðir hafa verið kortlagðir, settir fram og gerðir sýnilegir öllum starfsmönnum og foreldrum. Í sama skyni hefur starfsmannahandbók verið gerð og afhent öllum starfsmönnum, en þar birtast allir þessir þættir auk vel útfærðri verkáætlun í helstu þáttum skólastarfsins.

Nokkrir grunnkaflar námskrárinnar eru tilbúnir en ritnefnd námskrárinnar á eftir að fara yfir, aðlaga og setja þá í birtingahæft form. Það verður gert nú í sumar.

Skólapúlsinn auk samtala við nemendur hefur verið nýttur til þess að meta árangurinn af skólastarfinu og sjá hvar gengur vel og hvar gengur verr.

Verk- og tímaáætlun

Sumarið 2014 verður nýtt til þess að koma því efni sem er tilbúið á framfæri á vef skólans, þannig að það verði tilbúið í upphafi skólaárs og aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Haustið 2014 verði settir á fót sjálfsmatsteymi sem vinnur markvisst að því að setja upp og kynna viðbragðsáætlun og úrvinnslu niðurstaðna Skólapúlsins.

Fjórar kannanir eru lagðar fyrir hér í GP og markmiðið er að sjálfsmatsteymið vinni að útfærslu sérstakra spurninga sem færu inn í kannanirnar ef ástæða þykir til og setji upp tíma- og aðgerðaáætlun til úrbóta, eða með hliðsjón af þeim niðurstöðum sem þar fást.

Sjálfsmatshópur mun einnig vinna að kynningum niðurstaðna. Leiðir sem notaðar verða eru leiðarljós skólans, námskrá hans og skólastefna Langanesbyggðar.

Námsmatsteymi mun funda nokkrum sinnum yfir veturinn og vinna frekar að aðlögun Mentors að áherslum skólans í námsmati, leiðsagnarmati og vinna með hæfniviðmið námskrárinnar. Þetta mun síðan birtast í námskrá skólans í námsmatskafla hennar.

Vorið 2015 er stefnt að því að námskrá skólans verði komin í þann búing sem hentar út þann tíma sem skólastefna Langanesbyggðar gildir eða til 2018, með árlegum uppfærslum, aðlögun og breytingum sem kunna að verða á skólastarfinu.

Haustið 2014 verðu áframhaldandi vinna með Jakobi Frímanni Magnússyni og Vöndu Sigurgeirsdóttur þar sem áhersla er lögð á virkni og þátttöku nemenda í námi sínu og uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar. Uppi eru hugmyndir um að þau Jakob og Vanda komi að mótun forvarnarstefnu sveitarfélagsins og myndi það mjög styrkja skólastarfið að fá þar inn samþættingu bæði krafta þeirra en einnig yrði kostnaður minni og ferðir tíðari.


Frávik miðað við áætlun verkefnis

Áætlun hefur staðist nokkurn veginn miðað við það sem upp var gefið í umsókninni, en þó er samantekt, uppsetning og útgáfa efnis komin skemur á veg en upphaflega var ætlað.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Veturinn 2014–2015 fékk GP 440 þúsund krónur úr Endurmenntunarsjóði og mun sú fjárhæð vera nýtt til þess að fara í kennslufræðilegar útfærslur og í að kynna og vinna með *sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði, heilbrigði og velferð*. Vorið 2015 ættu því kennarar að vera komnir með greinargóðar upplýsingar um grunnildi menntunar og vera færir um að flétta þau inn í námsefni sitt og kennsluaðferðir.

Dagsetning: 9. júlí 2014



Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla